



Skýrsla um mat á skólastarfi í Fellaskóla

Mars 2010

Efnisyfirlit

Skýrsla um mat á skólastarfi í Fellaskóla.....	1
Inngangur	3
Skólastarf.....	4
Nám og kennsla	4
Samantekt úr vettvangsathugunum	6
Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi.....	6
Nemendur og líðan	7
Samantekt ábendinga.....	10
Umræða	12
Heimildir	13

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson
Birna Sigurjónsdóttir
Guðrún Edda Bentsdóttir
Hildur B. Svavarsdóttir
Una B. Bjarnadóttir

Inngangur

Farið var í skólaheimsókn í Fellaskóla í lok janúar 2010. Tilgangur matsins var að fylgjast með hvaða árangur hefði náðst af umbótum í skólastarfi í kjölfar heildarmats sem fram fór árið 2008 í janúar.

Ákveðið var að matið næði fyrst og fremst til náms og kennslu annars vegar og athugun á líðan nemenda hins vegar.

Farið var í heimsókn í alls 29 kennslustundir, aðallega í íslensku og stærðfræði sem dreifðust á alla árganga (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir í skólastofum).

Viðtöl við nemendur voru tekin í alls 10 rýnihópum, tveimur á yngsta stigi, tveimur á miðstigi, fjórum í 8.bekk (allur árgangurinn), einum í 9. bekk og einum í 10. bekk (sjá fylgiskjal, samantekt úr rýnihópum nemenda,).

Einnig voru skoðaðar niðurstöður Fellaskóla í skimunum, könnunum á líðan nemenda og samræmdum prófum frá árinu 2009.

Ekki var aflað upplýsinga um viðhorf foreldra eða starfsmanna en rétt að fram komi að í viðhorfskönnun borgarinnar kemur fram að **ánægja starfsmanna með starfið almennt jókst verulega milli áranna 2008 (61%) og 2009 (93,9%).**

Sömuleiðis jókst ánægja foreldra með skólann almennt úr 50% árið 2008 í tæp 76% árið 2010.



Skólastarf

Nám og kennsla

Í þessum kafla verður fjallað um námsárangur og nám og kennslu í Fellaskóla.


Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Samkvæmt niðurstöðum úr lesskimun vorið 2009 var meðalárangur nemenda í Fellaskóla um 25 atriði af 46 mögulegum sem er tæplega **54% árangur**. Alls geta tæp **36% nemenda lesið sér til gagns** (11 af 31 nemanda Fellaskóla sem þreyttu prófið). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2007 var meðalárangur nemenda um 45% og 23 % töldust geta lesið sér til gagns. Athygli vekur að árangur skólans í lesskimun árið 2009 er sá besti frá árinu 2005 en þá var hann 50%.



Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir 29 nemendur í 3. bekk nóvember 2009, og var meðalárangur nemenda í Fellaskóla í þættinum *Reikningur og aðgerðir mælitalan 8.9 sem er marktækt lægra en meðalárangur í Reykjavík (10.7)*. 38% nemenda fóru aðeins í þann prófþátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði (69% að meðaltali í öllum skólum borgarinnar sem tóku þátt). 17% nemenda teljast líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði sem er lægra hlutfall en árið áður, en herra en í Reykjavík að meðaltali (8,8%).

Þegar Talnalykill var lagður fyrir í nóvember 2008 var meðalárangur 8,7 í þættinum *Reikningur og aðgerðir* og 41% nemenda tóku aðeins þann þátt prófsins.



Samræmd próf meðaltalsárangur og framfarastuðull¹

Meðaltalsárangur nemenda í Fellaskóla í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2009 var undir landsmeðaltali og undir meðaltalsárangri í Reykjavík í bæði íslensku og stærðfræði.

Meðaltal í 4. bekk

Íslenska: 5,44 (RVK 6,2) (Landið 6.0)

Stærðfr.: 4,55 (RVK 6,2) (Landið 6.0)

Meðaltal í 7. bekk

Íslenska: 5,52 (RVK 6,5) (Landið 6.4)

Stærðfr.: 6,23 (RVK 7.0) (Landið 6,8)

Meðaltal í 10. bekk

Íslenska: 4.0 (RVK 5,9) (Landið 5,8)

Enska: 5,6 (RVK 7.0) (Landið 6,7)

Stærðfr. 3,3, (RVK 5.5) (Landið 5,3)

Slakastur er árangurinn í 10. bekk, þ.e. mestur munur á árangri nemenda í Fellaskóla og árangri á landsvísu en minni munur í 4. og 7. bekk.

Framfarastuðull nemenda í Fellaskóla 2006 var 0,91 í íslensku í 10. bekk sem bendir til að framfarir nemenda séu ekki eins og búast hefði mátt við miðað við fyrri árangur, í stærðfræði í


¹ Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

10. bekk var framfarastuðullinn 0,92 sem einnig bendir til að framfarir nemenda séu ekki eins og búast hefði mátt við miðað við fyrri árangur. Í íslensku í 7. bekk var framfarastuðullinn 1,00 sem telst venjulegar framfarir nemenda og í stærðfræði í 7. bekk var framfarastuðullinn 1.01 sem einnig telst venjulegar framfarir nemenda.

Samantekt úr vettvangsathugunum

Lögð var áhersla á að skoða kennslu í íslensku og stærðfræði í öllum árgöngum en einnig var farið í heimsóknir í fleiri greinar (sjá fylgiskjal; lýsing á vettvangsathugunum). Stundirnar voru metnar samkvæmt viðmiðum um gæði kennslu (sjá meðfylgjandi fylgiskjal). Alls var farið í heimsókn í 31 kennslustundir og þar af 27 metnar. Um 56% kennslustunda voru metnar góðar eða frábærar og um 93% viðunandi eða betri en það.

Til samanburðar eru meðaltalsniðurstöður úr sambærilegu mati á kennslustundum í átta grunnskólum þar sem heildarmat hefur farið fram á sl. ári, merkt heild á myndinni.



Góður vinnufriður og virk þátttaka nemenda einkenndi flestar stundir sem heimsóttar voru. Bekkjarstjórn var í flestum tilvikum góð og þegar órói kom upp var kennari almennt fljótur að kveða hann niður. Aðeins stöku kennslustundir einkenndust af áhugaleysi eða óróa nemenda. Í rýnihópum nemenda kvarta sum yfir hávaða inn í bekk og misjafnt er að þeirra mati hversu góður vinnufriður er. Víða hjálpast nemendur að við námið, segja nemendur, en þau voru ánægðari með sumar námsgreinar en aðrar.

Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi

Í umbótaáætlun skólans kemur fram að undanfarin ár hefur verið unnið að nokkrum þróunarverkefnum í námi og kennslu, má þar nefna *Byrjendalæsi*, *Orð af orði* og *Yndislestur*. Í vettvangsheimsóknum var verið að nota aðferðir og verkefni tengd þessum þróunarverkefnum eða sáust merki þar um, t.d. í verkefnum nemenda á veggjum skólastofa. Merki um þessa fjölbreyttu kennsluhætti mátti sjá á öllum aldurstigum, en mest í yngstu bekkjum.

Á miðstigi og unglingsstigi er nemendum skipt í hópa eftir getu og búnir til minni hópar þeirra sem þurfa meiri aðstoð við námið. Í þeim hópum eru nemendur með aðlagð námsefni og fara á eigin hraða. Í vettvangsathugunum voru þessir hópar oftast að vinna einstaklingslega

hver að sínu verkefni og kennari gekk á milli til að aðstoða. Í stærri hópnum virtust nemendur frekar fylgjast að og vera að vinna sama verkefni á sama tíma undir beinni stjórn kennara.

Nemendur í rýnihópum tala almennt vel um kennara sína, sérstaklega umsjónarkennarana, þeir eru jákvæðir og „ágætir í útskýra“ og kunna námsefnið vel, kennararnir eru þó misgóðir að þeirra mati.

Nemendur og líðan

Í könnun *Rannsóknna og greininga* sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2009 var spurt um líðan nemenda í kennslustundum. Í Fellaskóla svöruðu 5% nemenda að þeim liði oft eða alltaf illa í kennslustundum sem er svipað og að meðaltali í Reykjavík (4%). 50% nemenda svöruðu að þeim liði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er töluvert lægra en meðaltal allra grunnskólanna sem er rúm 72% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Fellaskóli og skólahverfi).

Líðan

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að það eigi við um flesta aðra. Krökkunum finnst þau örugg í skólanum og stendur ekki ógn af öðrum. Þau tala þó um stríðni og vita um einelti og einn nemandi kvaðst sjálfur hafa orðið fyrir einelti. Á öllum stigum tala nemendur um að þeim finnist erfitt að vakna í skólann og vildu að kennsla hæfist seinna.

Nemendum finnst að kennarar og starfsfólk komi fram við þau af virðingu, oftast sé hlustað á skoðanir þeirra og segja að þeim sé hrósað að minnsta kosti af sumum kennurum. Sérstök ánægja kom fram með tónlistarnámið í skólanum.

Aðspurð um þátttöku foreldra í skólastarfi segja nokkrir nemendur á unglíngastigi að þeim finnst óþægilegt að fá foreldra sína í skólann.

Vinir

Almennt segjast nemendur eiga vini innan sinna bekkja og einhverjir líka milli bekkja og árganga. Vini eiga þau líka utan skóla, t.d. gegnum íþróttir og tónlist. 9. og 10. bekkingar blandast nokkuð og almennt er ekki spennan á milli árganga í eldri bekkjum. Hópamyndun eftir þjóðerni er nokkuð oft nefnd og þá bæði sem kostur og galli í samskiptum. Einnig myndast vinahópar þvert á þjóðerni.

Reglur og agi

Skólareglur eru sýnilegar í skólastofum og nemendur þekkja þær en misjafnt er hversu mikið er farið eftir þeim, segja nemendur í rýnihópum. Þeir eru sáttir við reglurnar og viðurlög við þeim. Helst var kvartað yfir því að ekki væri farið eftir reglunum inni í tíma og það skapaði truflun fyrir aðra nemendur. Á unglíngastigi koma fram að ekki væri algjört samræmi á reglum milli kennara og ekki samræmi í því fyrir hvað kennarar gefa smelli. Þau voru heldur ekki sammála um það að hve miklu leyti smellir virkuðu sem hrós og hvatning.

Almennt finnst nemendum áginn í skólanum hæfilegur.

Félagslífið

Nemendur á unglíngastigi tala um fámenni í skólanum sem kemur niður á félagslífinu. Yngri hópurinn á unglíngastigi mætir helst í Miðberg og nýtir sér tilboð sem þar er. Eldri nemandur í

unglingadeild tala um að 8. bekkingar séu útundan í félagslífinu. Bekkjarkvöld eru haldin upp í 8. bekk auk þess nefna nemendur spilakvöld, ferðalög og böll og svo árshátíðarnefnd sem skipuleggur árshátíð fyrir unglíngastigið. Fram kom að nemendum á miðstigi finnst galli að þar er ekkert nemendaráð.

Orðspor og staða skólans

Nemendur í rýnihópum eru ánægðir með skólann, kennarana og vinina og almennt með veru sína í skólanum og flestir töldu að foreldrar væru það líka þó sumir þeirra velti skólanum lítið fyrir sér af því þeir eru alltaf að vinna. Á miðstigi fór töluvert púður í að ræða spennu milli skólanna í Breiðholti aðallega tengt íþróttamótum, þar sem Fellaskóli á að þeirra mati á brattann að sækja.

Unglingar í rýnihópum ræddu um fordóma í garð skólans sem þau verða vör við þegar þau taka þátt í keppnum og mótum á vegum skólans, þau fá að heyra að Fellin séu gettó og þar þurfi nemendur að fara í gegnum málmleitartæki þegar þeir mæta í skólann. Jákvæð umræða um skólann og meiri kynning gæti að þeirra mati dregið úr þessu umtali. Síðan finnst þeim þau þurfa meiri stuðning og aðstoð frá fullorðnum þegar þau taka þátt í keppnum, s.s. Skrekk.

Í rýnihópum kom fram að nemendur virtust óvanir að tjá sig um skólann og líðan sína sem kom fram í almennum óljósum athugasemdum.

Frímínútur

Í könnun *Rannsóknna og greininga* sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2009 var spurt var um líðan nemenda í frímínútum. Í Fellaskóla svöruðu 9% nemenda að þeim liði oft eða alltaf illa í frímínútum sem er yfir meðaltali í Reykjavík (4%).

Í skólaheimsókn í janúar 2010 voru gerðar vettvangsathuganir í frímínútum með gátlista í þrjú skipti úti og í þrjú skipti inni hjá unglíngastigi.

Helstu athugasemdir varðandi aðstæður á skólalóð eru að lóðin er illa lýst „aðeins kveikt á einum ljósastaur á lóðinni ... tveir bilaðir“ og svo kemur smálýsing frá ljósastaurum við nálægar gangstéttir. Að mati athugenda er of lítið við að vera á skólalóðinni og karfa og leiktæki illa farin.

Fjöldi gæslumanna var 5-7 í þeim útifrímínútum sem fylgst var með. Helsta athugasemdin er að það líða 3-5 mínútur af frímínútunum þangað til gæslumenn koma út og á meðan er hálfgerð stjórnleysi á lóðinni. Gæslumenn mættu líka dreifa sér betur um svæðið en ekki var ljóst hvort það er skipulagt hver hefur umsjón með ákveðnum svæðum á lóðinni.

Krakkarnir dreifast á stórt svæði kringum skólann og eru að hluta til bakvið skólann þar sem engin leiktæki eru. Þau leika sér í þyrpingum hér og þar um lóðina, segir í vettvangsnótum, fótboltavellirnir tveir virðast vera vel nýttir og þar voru margir nemendur í fótbolta ásamt einum starfsmanni. Annars er nefnt að nemendur eru í eltingaleik, henda bolta á milli sín eða gera sér leik að því að kasta smásteinum. Lítið sást af skipulögðum leikjum.

Á unglíngastigi mega nemendur vera inni í frímínútum og kunna vel að meta það. Mest eru þau í svokallaðri gryfju nálægt skrifstofum stjórnenda og kennarastofu sem ugglaustr er þeim aðhald. Starfsmaður skólans fylgist með hópnum og í einu tilviki þarf hann að grípa inn í „leik“ nemenda, þegar nokkrir strákar tóku úlpu af einni stelpunni og vildu ekki skila til baka. Krakkarnir eru fyrst og fremst að spila, tala saman og hlusta á tónlist, segir í vettvangsnótum,

og ekkert alvarlegt að sjá eða leiðindi þeirra á milli. Rólegra er þegar fáir eru, en lætin aukast aðeins þegar nemendum fjölgar á svæðinu. Sumir nemendur stökkva í sjoppu í nálægum verslunarkjarna í frímínútum og er það að mestu látið óátalið.

Í rýnihópi nemenda kemur fram að þeim finnst þurfa að bæta leikvöllinn og fá fleiri leiktæki (sjá fylgiskjal; samantekt úr rýnihópum nemenda).

Samantekt ábendinga

- Í viðhorfskönnun borgarinnar kemur fram að ánægja starfsmanna með starfið almennt eykst verulega milli ára 2008 (61%) og 2009 (93,9%).
- Ánægja foreldra með skólann almennt eykst úr 50% árið 2008 í tæp 76% árið 2010.

Nám og kennsla

- Samkvæmt niðurstöðum úr lesskimun vorið 2009 var meðalárangur nemenda í Fellaskóla um 25 atriði af 46 mögulegum sem er tæplega 54% árangur.
- Alls geta tæp 36% nemenda lesið sér til gagns (11 af 31 nemanda Fellaskóla sem þreyttu prófið).
- Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2008 var meðalárangur nemenda um 45% og 23 % töldust geta lesið sér til gagns.
- Í stærðfræðiskimun með Talnalykli í nóvember 2009, og var meðalárangur nemenda í 3. bekk Fellaskóla í þættinum *Reikningur og aðgerðir* mæltalan 8.9 sem er marktækt lægra en meðalárangur í Reykjavík (10.7).
- 17% nemenda í 3. bekk Fellaskóla teljast líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði sem er lægra hlutfall en árið áður en hærra en í Reykjavík að meðaltali (8,8%).
- Meðaltalsárangur nemenda í Fellaskóla í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2009 var undir landsmeðaltali og undir meðaltalsárangri í Reykjavík í bæði íslensku og stærðfræði.
- Slakastur er árangurinn í 10. bekk, þ.e. mestur munur á árangri nemenda í Fellaskóla og árangri á landsvísi en minni munur í 4. og 7. bekk.
- Alls var farið í vettvangathuganir í 31 kennslustundir og þar af 27 metnar. Um 93% kennslustunda voru metnar viðunandi eða betri en það og um 56% góðar eða frábærar.
- Góður vinnufriður og virk þátttaka nemenda einkenndi flestar stundir sem heimsóttar voru. Bekkjarstjórn var í flestum tilvikum góð og þegar órói kom upp var kennari almennt fljótur að kveða hann niður. Aðeins stöku kennslustundir einkenndust af áhugaleysi eða óróa nemenda.
- Undanfarin ár hefur verið unnið að nokkrum þróunarverkefnum í námi og kennslu, má þar nefna *Byrjendalæsi*, *Orð af orði* og *Yndislestur*. Í vettvangsheimsóknum var verið að nota aðferðir og verkefni tengd þessum þróunarverkefnum.
- Á miðstigi og unglingastigi er nemendum skipt í hópa eftir getu og búnir til minni hópar þeirra sem þurfa meiri aðstoð við námið.

Nemendur og líðan

- 5% nemenda í 5.-7. bekk Fellaskóla svöruðu í könnun *Rannsóknna og greininga* 2009 að þeim líði oft eða alltaf illa í kennslustundum sem er svipað og að meðaltali í Reykjavík (4%).
- 50% nemenda svöruðu að þeim líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er töluvert lægra en meðaltal allra grunnskólanna sem er rúm 72%.
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að það eigi við um flesta aðra. Krökkunum finnst þau örugg í skólanum og stendur ekki ógn af öðrum.
- Nemendum finnst að kennarar og starfsfólk komi fram við þau af virðingu, oftast sé hlustað á skoðanir þeirra og segja að þeim sé hrósað að minnsta kosti af sumum kennurum. Sérstök ánægja kom fram með tónlistarnámið í skólanum.
- Almennt segjast nemendur eiga vini innan sinna bekkja og einhverjir líka milli bekkja og árganga. Hópamyndun eftir þjóðerni er nokkuð oft nefnd og þá bæði sem kostur og galli í samskiptum. Einnig myndast vinahópar þvert á þjóðerni.
- Nemendur þekkja skólareglur en misjafnt er hversu mikið er farið eftir þeim. Þeir eru sáttir við reglurnar og viðurlög við þeim.

- Á unglíngastigi koma fram að ekki væri algjört samræmi á reglum milli kennara.
- Almennt finnst nemendum áginn í skólanum hæfilegur.
- Nemendur á unglíngastigi tala um fámenni í skólanum sem kemur niður á félagslífinu. Yngri hópurinn á unglíngastigi mætir helst í Miðberg og nýtir sér tilboð sem þar er.
- Fram kom að nemendum á miðstigi finnst galli að þar er ekkert nemendaráð.
- Nemendur í rýnihópum eru ánægðir með skólann, kennarana og vinina og almennt með veru sína í skólanum og flestir töldu að foreldrar væru það líka.
- Unglingar í rýnihópum ræddu um fordóma í garð skólans sem þau verða vör við þegar þau taka þátt í keppnum og mótum á vegum skólans, þau fá að heyra að Fellin séu gettó.

Frímínútur

- 9% nemenda í 5.-7. bekk Fellaskóla svöruðu í könnun *Rannsóknna og greininga 2009* að þeim liði oft eða alltaf illa í frímínútum sem er yfir meðaltali í Reykjavík (4%).
- Í skólaheimsókn í janúar 2010 voru gerðar vettvangsathuganir í frímínútum með gátlista í þrjú skipti úti og í þrjú skipti inni hjá unglíngastigi.
- Helstu athugasemdir varðandi aðstæður á skólalóð eru að lóðin er illa lýst „aðeins kveikt á einum ljósastaur á lóðinni ... tveir bílaðir“ og svo kemur smálýsing frá ljósastaurum við nálægar gangstéttir.
- Að mati athugenda er of lítið við að vera á skólalóðinni og karfa og leiktæki illa farin.
- Fjöldi gæslumanna var 5-7 í þeim útifrímínútum sem fylgst var með. Helsta athugasemdin er að það líða 3-5 mínútur þangað til gæslumenn koma út og á meðan er hálfgerst stjórnleysi á lóðinni. Gæslumenn mættu líka dreifa sér betur um svæðið en ekki var ljóst hvort það er skipulagt hver hefur umsjón með ákveðnum svæðum á lóðinni.
- Fótboltavellirnir tveir virðast vera vel nýttir og þar voru margir nemendur í fótbolta ásamt einum starfsmanni. Annars er nefnt að nemendur eru í eltingaleik, henda bolta á milli sín eða gera sér leik að því að kasta smásteinum. Lítið sást af skipulögðum leikjum.
- Á unglíngastigi mega nemendur vera inni í frímínútum og kunna vel að meta það. Mest eru þau í svokallaðri gryfju nálægt skrifstofum stjórnenda og kennarastofu sem ugglaut er þeim aðhald. Starfsmaður fylgist með hópnum.
- Krakkarnir eru fyrst og fremst að spila, tala saman og hlusta á tónlist, segir í vettvangsnótum, og ekkert alvarlegt að sjá eða leiðindi þeirra á milli. Rólegra er þegar fáir eru, en lætin aukast aðeins þegar nemendum fjölga á svæðinu.
- Í rýnihópi nemenda kemur fram að þeim finnst þurfa að bæta leikvöllinn og fá fleiri leiktæki.

Umræða

Vettvangsathuganir sýna aukin gæði kennslu og þróunarverkefni hafa skilað fjölbreyttari kennsluháttum á yngsta og miðstigi og að einhverju leyti upp á unglíngastig. Námsárangur er samt enn slakur í samanburði við borgina í heild. Í árangri í samræmdum prófum munar mestu á meðaltalsárangri nemenda í 10. Bekk og meðaltalsárangri í borginni og á landsvísu.

Lestraráttak í skólanum virðist skila árangri miðað við hærri meðaltalsárangur í lesskimun í 2. Bekk og herra hlutfall nemenda sem nær því marki að geta lesið sér til gagns en áður. Aftur á móti er árangur nemenda í stærðfræðiskimun marktækt lakari en en í borginni í heild og herra hlutfall nemenda sem teljast líklegir að þurfa stuðning í stærðfræðinámi. Æskilegt er að leita leiða til að efla stærðfræðináms- og -kennslu, ekki síst í yngri deildum.

Nemendum líður betur en áður og þeir eru öruggari með sig í skólanum. Greina má verulegar breytingar til hins betra í þessum þáttum frá síðasta mati. Þó þarf að efla enn frekar þátt umræðu og tjáningar í náminu, m.a. til að styrkja sjálfsmynd nemenda.

Væntingar til nemenda virðast oft litlar, það þyrfti að gera meiri kröfur til nemenda og ætlast til meira af þeim. Ein leið til þess er beita fjölbreyttari hópaskiptingu og hugsa þá einnig um getumeiri einstaklinga og leitast við að ná til stærri hóps með því að höfða meira til áhugasviðs einstaklinga í námi.

Vinna þarf að því að fá úrbætur á skólalóðinni, skerpa gæsluna, m.a. með því að skipta svæðum á gæslumenn og setja reglur um inngríp. Einnig að stuðla að leikjum á skólalóð með markvissum hætti og taka upp skólavinaverkefni.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.

Hagir og líðan barna í Reykjavík. Fellaskóli (2009). Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Fellaskóli vorið 2009. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum. 2010. Fellaskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Fellaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Fylgiskjöl

1. Fellaskóli og skólahverfi.
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.
3. Vettvangsathuganir í skólastofum.
4. Samantekt úr rýnihópum nemenda.